



Sveitarstjórn Húnabyggðar

Sveitarstjórn Húnabyggðar - 2. fundur sveitarstjórnar Húnabyggðar
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, þriðjudaginn 21. júní 2022
og hófst kl. 17:00

Fundinn sátu:

Guðmundur Haukur Jakobsson, Grímur Rúnar Lárusson, Ragnhildur Haraldsdóttir, Zophonías Ari Lárusson, Birgir Þór Haraldsson, Auðunn Steinn Sigurðsson, Elín Aradóttir, Jón Gíslason var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Berglind Hlín Baldursdóttir, Edda Brynleifsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Marianna Þorgrímsdóttir, Valdimar O. Hermannsson, Einar K. Jónsson og Atli Einarsson.

Fundargerð ritaði: Atli Einarsson, ritari

Dagskrá:

1. Byggðaráð Húnabyggðar - 1. fundur stjórnar - 2206032

Fundargerð 1. fundar byggðaráðs lögð fram til staðfestingar á 2. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Liðir 4, 6, 11 og 13 þarfnast sérstakrar afgreiðslu.

Vegna 4. liðar

Áætlaður kostnaður sveitarfélagsins er um 1 milljón kr. og því vísað til gerðar viðauka fjárhagsáætlunar ársins 2022. Að öðru leyti staðfestir sveitarstjórn inntöku ljósleiðara í íbúðir sveitarfélagsins.

Vegna 6. liðar

Um er að ræða samning vegna uppbyggingar á salerni við Þrístapa og er styrkuppþæðin 31. milljón. Gert er ráð fyrir mótframlagi sveitarfélagsins í fjárhagsáætlun Húnavatnshrepps 2022.

Vegna 11. liðar

Sveitarstjórn staðfestir að endurskoðunarfyritæki sveitarfélagsins verði KPMG.

Vegna 13. liðar

Áætlaður kostnaður sveitarfélagsins á árinu 2022 verði um 3,5 milljónir og því vísað til gerðar viðauka fjárhagsáætlunar ársins 2022. Staðfest af sveitarstjórn.

Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af sveitarstjórn með 9 atkvæðum.

2. Landbúnaðarnefnd Húnabyggðar - 1. fundur stjórnar - 2206031

Fundargerð 1. fundar landbúnaðarnefndar lögð fram til staðfestingar á 2. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér.

Sveitarstjórn staðfestir sérstaklega skipanir í fjallskiladeildir sveitarfélagsins sem eru liðir a, b, c og d undir öðrum lið.



Sveitarstjórn Húnabyggðar

Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af sveitarstjórn með 9 atkvæðum.

3. Fræðslunefnd Húnabyggðar - 1. fundur stjórnar - 2206026

Fundargerð 1. fundar fræðslunefndar lögð fram til staðfestingar á 2. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér.

Sveitarstjórn staðfestir sérstaklega ráðningu Þórhöllu Guðbjartsdóttur sem skólastjóra grunnskóla sveitarfélagsins sbr. bókun í lið 3.

Sveitarstjórn staðfestir jafnframt að ráðningu aðstoðarskólastjóra verði frestað þar til gengið hefur verið frá ráðningu skólastjóra en honum jafnframt falið að ganga frá ráðningu aðstoðarskólastjóra með hliðsjón af gögnum Hagvangs.

Ennfremur samþykkir sveitarstjórn að auglýsa stöður leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra að nýju sbr. bókun í lið 3.

Vegna ráðningar skólastjórnenda lagði Berglind Hlín Baldursdóttir fram eftirfarandi bókun fyrir hönd H-listans:

H-listinn vill minna meirihluta sveitarstjórnar á að vanda vinnubrögð í hvívetna þegar unnið er að ráðningu starfsmanna í hinu nýja sveitarfélagi. Við teljum að fulltrúar meirihluta sem tóku starfsviðtöl við umsækjendur um skólastjórastöður í nýjum grunnskóla sveitarfélagsins hafi skort umboð til að taka þau þann 1. júní síðastliðinn. Þar sem þá var ekki búið að halda fyrsta fund sveitarstjórnar Húnabyggðar og skipa embættismenn sveitarfélagsins né kjósa í nefndir og ráð.

Það var ekki fyrr en 7. júní síðastliðinn sem viðkomandi fengu það umboð. Þá fyrst hafði Fræðslunefnd umboð nýrrar sveitarstjórnar til að vinna að þessum málum. Þessi vinnubrögð eru á skjön við eðlilega stjórnsýslu og betur hefði mátt fara.

Zophonias Ari Lárusson óskaði eftir því að hlé yrði gert á fundinum kl. 17:22.

Fundarhléi lauk kl. 17:29

Guðmundur Haukur Jakobsson lagði fram eftirfarandi bókun fyrir hönd meirihluta sveitarstjórnar:

Meirihluti vill áréttta að fulltrúar sem sátu atvinnuviðtöl skipulögð af Hagvangi, höfðu til þess fullt umboð þar sem ný sveitarstjórn hafði tekið til starfa 15 dögum eftir kjördag eða 29. maí. Þeir fulltrúar meirihlutans sem voru viðstaddir viðtölin voru í umboði meirihluta sveitarstjórnar þar sem fræðslunefnd hafði ekki tekið til starfa.

Vegna liðar 6 í fundargerð fræðslunefndar felur sveitarstjórn sveitarstjórum í samráði við skólastjórnendur að tilnefna fulltrúa foreldra og kennara sem áheyrnarfulltrúa í fræðslunefnd hið fyrsta.

Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af sveitarstjórn með 9 atkvæðum.

4. Skipulags- og byggingarnefnd Húnabyggðar - 1. fundur stjórnar - 2206033

Fundargerð 1. fundar skipulags- og byggingarnefndar lögð fram til staðfestingar á 2.



Handwritten notes and signatures in blue ink, including names like R4, B113, G43, MH, BOJL, and RA.



Sveitarstjórn Húnabyggðar

fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér.

Liður 2

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar um umsókn um framkvæmdaleyfi vegna ljósleiðaravæðingar.

Liður 3

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar um nýbyggingu á skemmu að Svangrund.

Liður 4

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar um byggingarleyfi við Mánafoss.

Liður 5

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar um breytingu á staðfangi að Móbergi landi.

Liður 6

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar um viðbyggingu og endurbætur að Ásum.

Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af sveitarstjórn með 9 atkvæðum.

5. Breytingar á samþykktum um stjórn og fundarsköp sameinaðs sveitarfélags Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps - síðari umræða - 2206030

Lagt fram að nýju.

Sveitarstjórn staðfestir breytingar á samþykktum um stjórn og fundarsköp sameinaðs sveitarfélags Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps með 9 atkvæðum.

6. Samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum Húnabyggðar - 2206027

Lagt fram.

Sveitarstjórn samþykkir með 9 atkvæðum samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum Húnabyggðar.

7. Siðareglur Húnabyggðar - fyrri umræða - 2206028

Lagðar fram siðareglur Húnabyggðar til fyrri umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir með 9 atkvæðum að visa afgreiðslu siðareglna til síðari umræðu í sveitarstjórn.

8. Byggðasamlög - 2206023

Lagt fram til kynningar.

Vegna fundargerðar Brunavarna A-Húm er ákvörðun um slitastjórn frestað þar til að álit endurskoðanda liggur fyrir.

Handwritten notes and signatures in blue ink, including names like 'LALL', 'M', 'EH', 'BMS', 'GHS', 'B.', 'M', 'BPEL', 'FA.', and 'SE'.



Sveitarstjórn Húnabyggðar

Vegna fundargerðar byggðasamlags menningar- og atvinnumála samþykkir sveitarstjórn að skipa Grím Rúnar Lárusson og Ragnhildi Haraldsdóttur í slitastjórn sem fulltrúa sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn staðfestir framlagða ársreikninga byggðasamlaga og gerir ekki athugasemdir við þá.

9. Önnur mál - 2206034

1.

G - listinn tilnefnir eftirfarandi áheyrnarfulltrúa í þær fastanefndir sem listinn á ekki fulltrúa í.

Landbúnaðarnefnd
Áheyrnarfulltrúi: Guðlaugur Torfi Sigurðarson

Fræðslunefnd
Áheyrnarfulltrúi: Anna Margrét Arnardóttir og Jenný Lind Gunnarsdóttir til vara

Umhverfisnefnd
Áheyrnarfulltrúi: Guðmundur J. Svavarsson

Sveitartjórn samþykkir með 9 atkvæðum framlagða tillögu G - listans.

2.

Birting fundargerða

Sveitarstjórn samþykkir með 9 atkvæðum að fundargerðir byggðaráðs og nefnda sveitarfélagsins verði birtar á heimasíðu sveitarfélagsins sem fyrst að loknum fundum, með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórnar. Fundargerðir sveitarstjórnar skulu birtar sem fyrst að loknum fundum.

3.

Sveitarstjórn samþykkir að fela forseta sveitarstjórnar að ganga frá tímabundnu samkomulagi við núverandi sveitarstjóra vegna framlengingar á vinnuframlagi þeirra, þar sem auglýsingarferli vegna ráðningar nýs sveitarstjóra Húnabyggðar stendur yfir.

4.

Sveitarstjórn samþykkir að fundartími sveitarstjórnar verði annan þriðjudag í mánuði kl. 15.00.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:25

Handwritten notes and signatures in blue ink, including initials like 'GRL', 'B. B. B.', 'AE', 'GTHS', 'MK', 'BBL', 'EA'.



Sveitarstjórn Hjúkabyggðar

Guðmundur Haukur Jakobsson

Guðmundur Haukur Jakobsson

Grimur Rúnar Lárusson

Grimur Rúnar Lárusson

Ragnhildur Haraldsdóttir

Ragnhildur Haraldsdóttir

Zophonías Ari Lárusson

Zophonías Ari Lárusson

Birgir Þór Haraldsson

Birgir Þór Haraldsson

Auðunn Steinn Sigurðsson

Auðunn Steinn Sigurðsson

Elín Aradóttir

Elín Aradóttir

Berglind H. Baldursdóttir

Berglind Hlín Baldursdóttir

Marianna Þorgrímsdóttir

Marianna Þorgrímsdóttir

Atli Einarsson

Finla J.
Þorðsson

